



**Landsvirkjun**

**Samstæða**

**Samandreginn árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2009**

Landsvirkjun  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Kt. 420269-1299

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3	Efnahagsreikningur .....	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4	Eiginfjáryfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Yfirlit um heildarafkomu .....	6	Skýringar .....	10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur fyrirtækisins tekur, auk móðurfélagsins, til fimm dótturfélaga, Landsnets hf., Landsvirkjunar Power ehf., Fjarska ehf., Hraunaveitu ehf. og Icelandic Power Insurance Ltd. Auk þess á móðurfélagið tvö dótturdótturfélög, Íslenska jarðhitatækni ehf. og HydroKraft Invest hf. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2009 47,3 milljónum USD en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2008 var 83,4 milljónir USD. Tekjur samstæðunnar námu 139 milljónum USD á tímabilinu en voru 239,6 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Taka þarf tillit til að á meðal fjármagnsliða eru tekjufærðar innleystar áhættuvarnir tengdar álverði að fjárhæð 40,1 milljón USD á tímabilinu janúar til júní 2009 en gjaldfærðar innleystar áhættuvarnir námu 35,7 milljónum USD á sama tímabili árið áður. Eigið fé samstæðunnar í lok júní var 1.421,5 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 1.376,8 milljónir USD í árslok 2008.

Í lok júní 2009 nam handbært fé samstæðunnar samtals 129 milljónum USD og óádrægið veltilán 308 milljónum USD eða alls 437 milljónir USD. Veltilánið er með gjalddaga í desember 2012. Að teknu tilliti til sjóðstreymis frá rekstri telur fyrirtækið aðgengi að lausafé tryggt út árið 2011.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2009, rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit um árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuárshlutareikninginn með undirritun sinni.

Fljótisdalur, 20. ágúst 2009.

Í stjórn félagsins:  
Bryndís Hlöðversdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Ingimundur Sigurpálsson  
Páll Magnússon  
Stefán Arnórsson

Forstjóri:  
Friðrik Sophusson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum*. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árs hlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Fljótsdalur, 20. ágúst 2009.

## **KPMG hf.**

Reynir Stefán Gylfason

Árni Claessen

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2009

	Skýr.	2009	2008	
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	
<b>Rekstrartekjur</b>				
Raforkusala .....		115.594	207.132	
Flutningstekjur .....		21.257	30.671	
Aðrar tekjur .....		2.158	1.820	
		139.009	239.623	
<b>Rekstrargjöld</b>				
Orkusvið .....		54.431	59.653	
Flutningskerfi .....		15.045	20.862	
Almennar rannsóknir .....		4.495	2.554	
Annar rekstrarkostnaður .....	7	15.679	18.514	
		89.650	101.583	
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>49.359</b>	<b>138.040</b>	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur .....		3.139	9.287	
Vaxtagjöld .....	(	45.889)	(	91.350)
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....		55.350		79.467
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	(	427)	(	1.018)
	8	12.173	(	3.614)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>61.532</b>		<b>134.426</b>
Tekjuskattur .....	(	14.274)	(	50.977)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>47.258</b>		<b>83.449</b>
<b>Skipting hagnaðar</b>				
Eigendur móðurfélags .....		46.779		105.421
Minnihluti í dótturfélögum .....		479	(	21.972)
		47.258		83.449

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2009

	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	47.258	83.449
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé:</b>		
Þýðingarmunur vegna starfrækslumynta .....	( 2.596)	( 4.586)
Endurmat fastafjármuna .....	0	102.182
Tekjuskattur af endurmati fastafjármuna .....	0	( 15.327)
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals.....</b>	<u>( 2.596)</u>	<u>82.269</u>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>	<u>44.662</u>	<u>165.718</u>
<b>Skipting heildarhagnaðar</b>		
Eigendur móðurfélags .....	45.222	161.254
Minnihluti í dótturfélögum .....	( 560)	4.464
	<u>44.662</u>	<u>165.718</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2009

<b>Eignir</b>	Skýr.	30.6. 2009	31.12. 2008
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	9	3.745.821	3.789.129
Rekstrarfjármunir í byggingu .....		11.867	12.243
Óefnislegar eignir .....	10	142.760	138.077
Afleiðusamningar .....	12	294.308	287.513
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		12.766	13.342
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		364	127
Aðrar langtímakröfur .....		152	246
Skatteign .....		118.285	133.409
Fastafjármunir samtals		<u>4.326.323</u>	<u>4.374.086</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		4.099	4.269
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		73.785	89.962
Eignir til sölu .....		7.697	8.412
Afleiðusamningar .....	12	14.590	17.498
Handbært fé .....		128.844	124.993
Veltufjármunir samtals		<u>229.015</u>	<u>245.134</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>4.555.338</u></u>	<u><u>4.619.220</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigendaframlög .....	14	586.512	586.512
Endurmatsreikningur .....	15	114.698	116.268
Þýðingarmunur .....	15	(35.227)	(33.670)
Annað eigið fé .....		734.734	686.384
Eigið fé eigenda móðurfélagsins		<u>1.400.717</u>	<u>1.355.494</u>
Hlutdeild minnihluta .....		20.738	21.298
Eigið fé samtals		<u>1.421.455</u>	<u>1.376.792</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir til langs tíma .....	16	2.696.522	2.789.261
Lífeyrisskuldbindingar .....		21.836	22.118
Skuldbinding vegna niðurrifs .....		3.846	3.936
Afleiðusamningar .....	12	101.919	123.971
		<u>2.824.123</u>	<u>2.939.286</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		59.842	95.537
Afborganir langtímaskulda á næsta ári .....	17	229.964	186.008
Afleiðusamningar .....	12	19.954	21.597
		<u>309.760</u>	<u>303.142</u>
Skuldir samtals		<u>3.133.883</u>	<u>3.242.428</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>4.555.338</u></u>	<u><u>4.619.220</u></u>

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2008 til 30. júní 2009

---

<b>1. janúar til 30. júní 2008</b>	Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Annað eigið fé	<b>Samtals</b>	Hlutdeild minnihluta	<b>Eigið fé samtals</b>
Eigið fé 1. janúar 2008 .....	586.512		(687)	985.861	1.571.686	28.459	1.600.145
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins .		56.221	(388)	105.421	161.254	4.464	165.718
Arður til eigenda .....				(7.831)	(7.831)		(7.831)
Eigið fé 30. júní 2008 .....	586.512	56.221	(1.075)	1.083.451	1.725.108	32.923	1.758.031

## **1. janúar til 30. júní 2009**

Eigið fé 1. janúar 2009 .....	586.512	116.268	(33.670)	686.384	1.355.494	21.298	1.376.792
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins .		0	(1.557)	46.779	45.222	(560)	44.662
Upplausn afskrifta af endurmati ....		(1.570)		1.570	0		0
Eigið fé 30. júní 2009 .....	586.512	114.698	(35.227)	734.734	1.400.717	20.738	1.421.455



# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Innborganir viðskiptavina .....	165.753	220.018
Greiddur rekstrarkostnaður .....	( 40.931)	( 59.418)
Handbært fé frá rekstri án vaxta .....	124.822	160.600
Innborgaðar vaxtatekjur .....	2.757	9.220
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur .....	( 64.420)	( 61.616)
Innleystar (greiddar) áhættuvarnir .....	40.485	( 31.848)
Handbært fé frá rekstri	103.644	76.356
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Kárahnjúkavirkjun - aflstöð .....	( 12.300)	( 121.273)
Fjárfesting í flutningsvirkjum .....	( 5.700)	( 8.137)
Virkjunarundirbúningur .....	( 11.468)	( 23.208)
Keypt hlutabréf .....	( 1.428)	( 11.067)
Seld hlutabréf .....	8	8.023
Aðrar fjárfestingar .....	( 4.337)	( 10.993)
Seldar eignir .....	49	55
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, breyting .....	( 12.040)	( 47.023)
	( 47.216)	( 213.623)
Aðrar kröfur, breyting .....	( 12.424)	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 59.640)	( 213.623)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Greiddur arður til eigenda .....	0	( 7.831)
Tekin ný lán .....	45.953	272.802
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	4.818	63.963
Afborganir lána til langs tíma .....	( 86.586)	( 231.863)
Fjármögnunarhreyfingar	( 35.815)	97.071
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	8.189	( 40.196)
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....</b>	( 4.338)	( 1.923)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	124.993	179.578
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>	128.844	137.459

# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðurárhlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2008.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 20. ágúst 2009.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2008, að undanskildum breytingum í samræmi við endurbættan IAS 1 og upptöku IFRS 8. Áður voru starfsþáttaupplýsingar birtar í samræmi við IAS 14. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.omxnordicexchange.com](http://www.omxnordicexchange.com).

Samstæðan beitir endurbættum IAS 1 *Framsetning ársreikninga (2007)*, sem tók gildi 1. janúar 2009. Samstæðan birtir nú sérstakt yfirlit um heildarafkomu, þar sem fram koma allar rekstrarhreyfingar sem færðar eru beint á eigið fé. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar frá ársbyrjun 2008. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar, flutningsvirki, fjarskiptakerfi, veltufjáreignir, veltufjárskuldir og eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## Starfsþáttayfirlit

### 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir sviðum. Aðalstarfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Verðlag í viðskiptum milli starfsþátta er ákvarðað eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta tekur til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta með rökrænum hætti. Eignum og skuldum samstæðunnar er á sama hátt skipt á starfsþætti miðað við fyrrgreindar forsendur.

## Skýringar, frh.:

Starfsþættir samstæðu Landsvirkjunar eru eftirfarandi:

### Orkuvinnsla

Undir starfsþáttinn orkuvinnsla fellur starfsemi móðurfélagsins en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafla og jarðhita. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi í heildsölu til raforkusmásla og í miklum mæli beint í orkufrekan iðnað. Jafnframt fellur starfsemi Icelandic Power Insurance Ltd undir þennan starfsþátt en hlutverk félagsins er að annast tryggingar aflstöðva Landsvirkjunar.

### Orkuflutningur

Undir starfsþáttinn orkuflutningur fellur starfsemi Landsnets hf. en það var stofnað í ágúst 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun innanlands samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003 og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

### Aðrir starfsþættir

Undir aðra starfsþætti er færð starfsemi félaganna Fjarski ehf. og Landsvirkjun Power ehf. ásamt dótturfélögum þess síðarnefnda. Hlutverk Fjarska ehf. er að eiga og reka fjarskiptakerfi á landsvísu og leigja út aðgang að því ásamt annarri skyldri starfsemi. Landsvirkjun Power ehf. sér um sölu á ráðgjöf, tæknilegri og rekstrarlegri, til þriðja aðila og annast sjálft eða hefur umsjón með almennum rannsóknum, virkjunarrannsóknum og framkvæmdum fyrir Landsvirkjun og eftir því sem við á fyrir dóttur- og hlutdeildarfélög Landsvirkjunar Power ehf. og Landsvirkjunar.

Nánast öll starfsemi samstæðunnar er á Íslandi.

<b>Rekstrarstarfsþættir 1.1. - 30.6 2009</b>	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila .....	116.485	21.280	1.244		139.009
Tekjur innan samstæðunnar .....	7.151	32.170	3.154	( 42.475)	0
Tekjur starfsþátta .....	123.636	53.450	4.398	( 42.475)	139.009
Rekstrargjöld starfsþátta .....	( 58.102)	( 15.357)	( 3.865)	42.475	( 34.849)
EBITDA .....	65.534	38.093	533		104.160
Afskriftir og virðisrýmun .....	( 45.053)	( 9.527)	( 384)	163	( 54.801)
Afkoma starfsþátta, EBIT .....	20.481	28.566	149	163	49.359
Eignir starfsþátta .....	4.445.366	553.008	13.425	( 469.227)	4.542.572
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	12.055	342	369		12.766
Eignir samtals .....	4.457.421	553.350	13.794	( 469.227)	4.555.338
Starfsþáttaskuldir .....	3.036.046	494.755	4.933	( 401.851)	3.133.883
Skuldir samtals .....	3.036.046	494.755	4.933	( 401.851)	3.133.883
Fjárfestingar .....	35.300	10.268	277		45.845

## Skýringar, frh.:

Rekstrarstarfsþættir 1.1. - 30.6 2008	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila .....	207.984	30.743	896		239.623
Tekjur innan samstæðunnar .....	13.003	36.626	4.894	( 54.523)	0
Tekjur starfsþátta .....	220.987	67.369	5.790	( 54.523)	239.623
Rekstrargjöld starfsþátta .....	( 73.297)	( 26.469)	( 5.006)	54.523	( 50.249)
EBITDA .....	147.690	40.900	784		189.374
Afskriftir og virðisrýmun .....	( 39.224)	( 11.974)	( 372)	237	( 51.333)
Afkoma starfsþátta, EBIT .....	108.466	28.926	412	237	138.040
Eignir starfsþátta 31.12.2008 .....	4.508.699	571.818	13.843	( 488.482)	4.605.878
Eignarhlutir í hlutdeildarf. 31.12.2008 .....	12.270	400	672		13.342
Eignir samtals 31.12.2008 .....	4.520.969	572.218	14.515	( 488.482)	4.619.220
Starfsþáttaskuldir 31.12.2008 .....	3.144.273	512.032	5.765	( 419.642)	3.242.428
Skuldir samtals 31.12.2008 .....	3.144.273	512.032	5.765	( 419.642)	3.242.428
Fjárfestingar .....	191.634	18.914	1.324	( 1.238)	210.634

## Laun og launatengd gjöld

	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
6. Heildarlaun starfsmanna greinast þannig:		
Laun .....	11.355	17.512
Eftirlaun og lífeyrishækkanir .....	1.448	3.318
Önnur launatengd gjöld .....	2.770	3.952
	<u>15.573</u>	<u>24.782</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Orkusvið .....	4.969	7.653
Flutningskerfi .....	4.062	6.267
Almennar rannsóknir .....	89	108
Annar rekstrarkostnaður .....	6.453	10.754
	<u>15.573</u>	<u>24.782</u>

## Annar rekstrarkostnaður

7. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Yfirstjórn og stoðdeildir .....	1.443	2.118
Fjármálasvið .....	1.473	2.144
Starfsmannasvið .....	457	706
Upplýsingasvið .....	1.067	1.811
Verkfræði- og framkvæmdasvið .....	222	538
Eftirlaun og lífeyrishækkanir .....	1.347	3.165
Annar sameiginlegur kostnaður .....	963	891
	<u>6.972</u>	<u>11.373</u>
Annar rekstrarkostnaður í dótturfélögum .....	5.231	5.199
Eignir til sölu, virðisrýmun .....	1.595	0
Afskriftir .....	1.881	1.942
	<u>15.679</u>	<u>18.514</u>

## Skýringar, frh.:

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	3.139	9.287
Vaxtagjöld .....	( 42.814)	( 93.144)
Ábyrgðargjald til eigenda .....	( 3.505)	( 3.553)
Eignfært á nýbyggingar .....	430	5.347
Vaxtagjöld samtals .....	( 45.889)	( 91.350)
Gjaldeyrismunur .....	( 22.759)	( 144.475)
Gangvirðisbreyting innbyggðra afleiðusamninga .....	47.692	414.919
Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga .....	( 9.345)	( 155.256)
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....	40.074	( 35.721)
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa .....	( 317)	0
Hagnaður af sölu hlutabréfa .....	4	0
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	55.350	79.467
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 427)	( 1.018)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12.173	( 3.614)

### Fastafjármunir

9. Rekstrarfjármunir, stofnverð þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Aflstöðvar	Flutnings- kerfi	Fjarskipta- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2008 .....	4.413.840	686.724	12.734	77.057	5.190.355
Áhrif gengisbreytinga .....	0	( 406.714)	( 6.546)	( 19.411)	( 432.671)
Viðbætur á árinu .....	143.159	10.484	1.210	5.771	160.624
Endurmat fastafjármuna .....	0	230.338	2.715	0	233.053
Flutt af rekstrarfjármunum í byggingu .....	264.421	0	0	0	264.421
Selt og aflagt .....	0	0	0	( 607)	( 607)
Staða 31.12.2008 .....	4.821.420	520.832	10.112	62.810	5.415.174
Áhrif gengisbreytinga .....	0	( 25.515)	( 495)	( 1.155)	( 27.165)
Viðbætur á tímabilinu .....	14.916	1.739	157	8.716	25.528
Flutt af rekstrarfjármunum í byggingu .....	0	6.704	0	0	6.704
Selt og aflagt .....	0	0	0	( 233)	( 233)
Staða 30.6.2009 .....	4.836.336	503.760	9.774	70.138	5.420.008

## Skýringar, frh.:

	Aflstöðvar	Flutnings- kerfi	Fjarskipta- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>					
Staða 1.1.2008 .....	1.477.090	34.474	5.579	21.550	1.538.693
Afskriftir ársins .....	77.697	19.422	700	2.780	100.599
Endurmat afskrifta .....	0	20.054	0	0	20.054
Áhrif gengisbreytinga .....	0 (	27.921) (	2.923) (	1.935) (	32.778) (
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	524) (	524) (
Staða 31.12.2008 .....	1.554.787	46.030	3.357	21.871	1.626.044
Afskriftir tímabilsins .....	41.105	8.470	375	1.240	51.190
Áhrif gengisbreytinga .....	0 (	2.522) (	177) (	150) (	2.849) (
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	200) (	200) (
Staða 30.6.2009 .....	1.595.892	51.978	3.555	22.761	1.674.185

### Bókfært verð

1.1.2008 .....	2.936.750	652.250	7.155	55.507	3.651.660
31.12.2008 og 1.1.2009 .....	3.266.633	474.803	6.756	40.939	3.789.129
30.6.2009 .....	3.240.444	451.782	6.220	47.377	3.745.821

### 10. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Eignfærður undirbúnings- kostnaður	Vatns- og jarðhita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals	
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða 1.1.2008 .....	93.760	40.568	5.691	140.019	
Áhrif gengisbreytinga .....	(	6.599)	0 (	1.650) (	8.249) (
Viðbætur á árinu .....	55.134	0	1.685	56.819	
Staða 31.12.2008 .....	142.295	40.568	5.726	188.589	
Áhrif gengisbreytinga .....	(	477)	0 (	130) (	607) (
Viðbætur á tímabilinu .....	13.257	0	313	13.570	
Millifært á mannvirki í byggingu á tímabilinu .....	(	4.708)	0	0 (	4.708) (
Staða 30.6.2009 .....	150.367	40.568	5.909	196.844	

### Afskriftir og virðisrýrnun

Staða 1.1.2008 .....	43.515	0	2.389	45.904	
Afskriftir og virðisrýrnun á árinu .....	4.108	0	824	4.932	
Áhrif gengisbreytinga .....	(	10)	0 (	315) (	325) (
Staða 31.12.2008 .....	47.613	0	2.898	50.511	
Afskriftir og virðisrýrnun á tímabilinu .....	3.184	0	427	3.611	
Áhrif gengisbreytinga .....	(	5)	0 (	35) (	40) (
Staða 30.6.2009 .....	50.792	0	3.290	54.082	

### Bókfært verð

1.1.2008 .....	50.245	40.568	3.302	94.113
31.12.2008 og 1.1.2009 .....	94.682	40.568	2.828	138.077
30.6.2009 .....	99.575	40.568	2.619	142.760

## Skýringar, frh.:

11. Afskriftir og virðisrýrnun samstæðunnar sundurliðast þannig:	2009	2008
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Aflstöðvar .....	41.105	37.802
Flutningsvirki .....	8.470	10.769
Aðrar eignir .....	1.615	1.825
Afskrift eigna í rekstri .....	51.190	50.396
Virðisrýrnun á undirbúningskostnaði .....	3.184	517
Afskriftir hugbúnaðar .....	427	420
	<u>54.801</u>	<u>51.333</u>
Afskriftir og virðisrýrnun samstæðunnar skiptast þannig á svið:		
Orkusvið .....	41.377	38.105
Flutningskerfi .....	8.470	10.769
Almennar rannsóknir .....	3.073	516
Annar rekstrarkostnaður .....	1.881	1.943
	<u>54.801</u>	<u>51.333</u>
12. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:		
<b>Eignir:</b>	30.6.2009	31.12.2008
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	238.778	195.944
Álvarnir .....	64.907	98.032
Gjaldmiðlasamningar .....	2.367	11.035
Vaxtaskiptasamningar .....	2.296	0
Aðrir afleiðusamningar .....	550	0
	<u>308.898</u>	<u>305.011</u>
Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga .....	294.308	287.513
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	14.590	17.498
	<u>308.898</u>	<u>305.011</u>
<b>Skuldir:</b>		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	21.382	26.242
Gjaldmiðlasamningar .....	65.409	63.396
Vaxtaskiptasamningar .....	12.936	10.754
Aðrir afleiðusamningar .....	22.146	45.176
	<u>121.873</u>	<u>145.568</u>
Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga .....	101.919	123.971
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	19.954	21.597
	<u>121.873</u>	<u>145.568</u>

## Skýringar, frh.:

13. Dótturfélög Landsvirkjunar eru eftirfarandi:

	Eignar- hlutur
Fjarski ehf. ....	100,0%
Hraunaveita ehf. ....	100,0%
Icelandic Power Insurance Ltd. ....	100,0%
Landsnet hf. ....	64,7%
Landsvirkjun Power ehf. ....	100,0%

## Eigið fé

14. Móðurfélagið er sameignarfyrtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í félaginu og Eignarhlutir ehf. 0,1%. Félagið er sjálfstæður skattaðili. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok júní 2009 var 31,2% en var 29,8% í árslok 2008.

15. Endurmatsreikningur samanstendur af endurmati fastafjármuna dótturfélaga að teknu tilliti til skattáhrifa. Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dótturfélög Landsvirkjunar eru með aðra starfrækslumynt.

## Skuldir

16. Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

		30.06.2009		31.12.2008	
	Loka- gjaldtagi	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar
Skuldir í ISK, verðtryggt .....	2009-2020	3,9%	350.673	3,9%	333.592
Skuldir í ISK, óverðtryggt .....	2009		0	6,8%	3.902
Skuldir í CHF .....	2012-2022	2,5%	91.817	2,5%	93.487
Skuldir í EUR .....	2009-2028	1,7%	1.438.367	2,7%	1.431.944
Skuldir í GBP .....	2014-2016	11,4%	15.365	11,4%	13.433
Skuldir í JPY .....	2009-2013	0,8%	113.071	1,1%	175.483
Skuldir í USD .....	2009-2026	2,0%	917.193	2,2%	923.428
			<u>2.926.486</u>		<u>2.975.269</u>
Afborganir næsta árs .....			( 229.964)		( 186.008)
Skuldir til langs tíma samtals .....			<u>2.696.522</u>		<u>2.789.261</u>

Vaxtakjör af lánum móðurfyrirtækisins eru frá 1,0-14,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 2,61% en þeir voru um 4,51% árið áður.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Frá upphafi árs 2007 bera ríkissjóður og Eignarhlutir ehf. einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til eftir þann tíma.



## Skýringar, frh.:

17. Samkvæmt lánasamningum eiga afborganir langtímaskulda að vera sem hér segir:

	2009
1.7.2009-30.06.2010 .....	229.964
1.7.2010-31.12.2010 .....	104.161
2011 .....	282.034
2012 .....	201.124
2013 .....	151.256
2014 .....	135.186
Síðar .....	2.052.726
	<u>2.926.486</u>

## Áhættustýring

18. Áhættustýring

Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustýringu er greining áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og eftirlit með henni. Stjórn félagsins hefur samþykkt stefnu við áhættustýringu sem byggir á eftirfarandi þáttum:

- Að áhætta sé skilgreind og uppruni hennar þekktur
- Að notaðar séu viðurkenndar aðferðir til mælingar á áhættu
- Að beitt sé virkri stýringu í samræmi við heimildir
- Að virkt eftirlit með áhættuþáttum sé tryggt
- Að upplýsingagjöf til áhættustjórnar og stjórnar sé regluleg og ítarleg

Í stefnu Landsvirkjunar um áhættustýringu eru skilgreind ásættanleg áhættumörk í hverjum áhættuflokki í samræmi við skilgreind markmið um æskilega langtímastöðu. Stjórn félagsins fær reglulega yfirlit þar sem áhætta félagsins og árangur áhættustýringar eru metin.

Ákvörðunartaka og eftirlit varðandi framkvæmd áhættustýringar er í höndum áhættustjórnar. Í áhættustjórn sitja forstjóri, staðgengill forstjóra og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Forstjóri er formaður áhættustjórnar. Dagleg áhættustýring er í höndum yfirmanns áhættustýringar.

Áhættustýring hefur það meginmarkmið að greina, stýra og fylgjast með fjárhagslegri áhættu Landsvirkjunar í þeim tilgangi að draga úr sveiflum í rekstri vegna breytinga á gengi, vöxtum og álverði. Fjárhagsleg áhætta greinist í markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og mótaðilaáhættu.

Markaðsáhætta félagsins er einkum þrens konar:

- Áhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli
- Vaxtaáhætta vegna lána fyrirtækisins
- Gjaldeyrisáhætta vegna skulda og sjóðstreymis í erlendri mynt

19. Álverðsáhætta

Áhætta félagsins vegna breytinga á álverði í framtíðinni er umtalsverð. Félagið hefur því gert afleiðusamninga í því skyni að treysta tekjugrundvöll sinn og draga úr sveiflum. Slíkir samningar fela í flestum tilvikum í sér að álverð er fest á ákveðnu bili. Félagið verður því af tekjum ef álverð hækkar umtalsvert en tryggir um leið betra sjóðstreymi ef álverð lækkar á mörkuðum. Áhættustýring hefur heimild til að verja allt að 100% af álverðsáhættu næsta árs og hlutfallslega minna næstu 10 ár. Tímalengdin miðast við virkan markað með ál og opinbera verðbirtingu hjá LME kauphöllinni (London Metal Exchange). Í lok júní var gangvirði umræddra áhættuvarnarsamninga jákvætt um 65 milljónir USD en samningarnir eru virkir til næstu fimm ára.

## Skýringar, frh.:

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum teljast innbyggðar afleiður vera afleiðusamningar sem eru hluti af öðrum samningum, en eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta eru ekki nátengd upprunalega samningnum. Félagið hefur skilgreint þann hluta raforkusamninga sem tengjast álverði sem innbyggða afleiðu. Af þeim sökum tekur gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum fyrirtækisins breytingum samhliða breytingum á álverði. Breyting á gangvirði samninganna færast í rekstrarreikning fyrirtækisins.

Við mat á virði innbyggðra afleiða er beitt viðurkenndum matsaðferðum þar sem markaðsverð liggur ekki fyrir. Gangvirði samninganna er reiknað út frá framvirku verði á áli, núvirt með vöxtum (e. zero-coupon) í Bandaríkjunum að teknu tilliti til flöktis. Virkur markaður með ál er til næstu 10 ára og því þarf að áætla álverð frá þeim tíma til loka undirliggjandi raforkusamninga. Það hefur verið gert með því að framlengja framvirka álferilinn með óbreyttum verðum frá síðasta virka verði í ferlinum.

Félagið beitir varkárnisssjónarmiðum við mat á virði innbyggðra afleiða umfram 10 ára líftíma og leggur álag á vexti til núvirðingar greiðsluflæðis til lengri tíma en 10 ára.

Félagið hefur gert samninga um kaup á raforku til endursölu til stóriðju. Þessir samningar eru tengdir verðþróun áls og hafa því innbyggðar afleiður. Gangvirði samninganna er reiknað á sama hátt og með sömu forsendum og raforkusamningar fyrirtækisins.

Gangvirði innbyggðra afleiða alls sundurliðast þannig:	30.06.2009	31.12.2008
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	169.702	665.158
Gengisáhrif .....	0	1.712
Breyting á gangvirði á tímabilinu .....	47.693	( 497.168)
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabilsins .....	<u>217.395</u>	<u>169.702</u>

Skipting innbyggðra afleiða er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða .....	225.014	183.667
Skammttímahluti innbyggðra afleiða .....	( 7.619)	( 13.965)
Innbyggðar afleiður samtals .....	<u>217.395</u>	<u>169.702</u>

Gangvirði innbyggðra afleiða að teknu tilliti til afleiðusamninga sem gerðir hafa verið í áhættuvarnarskyni nam í lok júní um 282 milljónum USD (31.12.2008: 268 milljónum USD). Meðfylgjandi tafla sýnir breytingu á gangvirði samninga tengdum álverði miðað við breytingar á álverði og vöxtum, en áhrif vegna breytinga í flökti eru óveruleg.

Fjárhæðir í töflunni eru fyrir skatta.

		Álverð		
		-10%	0%	10%
Vextir	-100bp	(179.923)	27.101	235.012
	0	(189.331)	0	190.224
	+100bp	(197.399)	(23.273)	151.750

## 20. Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta hlýst af greiðsluflæði félagsins, fjármálalegum eignum og skuldum sem og af öllum almennum viðskiptum í öðrum myntum en starfrækslumynt.

## Skýringar, frh.:

Starfrækslumynt félagsins er Bandaríkjadalur og myndast því gjaldmiðlaáhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en Bandaríkjadal. Tekjustreymi félagsins er að mestu leyti í Bandaríkjadal. Aðrar tekjur eru í ISK og NOK en gjaldmiðlaáhætta vegna þessara mynta er takmörkuð þar sem kostnaður í ISK er nánast sá sami og tekjurnar og tekjur í NOK eru hlutfallslega mjög litlar. Helsta gengisáhætta félagsins myndast vegna skuldastöðu þess í EUR og vaxtakostnaði henni tengdri. Einnig er takmörkuð áhætta tengd JPY, CHF og GBP vegna útistandandi lána.

Áhættan tengd áhrifum gengisbreytinga á lánasafnið er takmörkuð miðað við áhættuviðmið stjórnar hverju sinni. Í því skyni notar fyrirtækið gjaldmiðlaskiptasamninga og vilnanir. Áhættustýring hefur jafnframt heimild til að tryggja sjóðstreymi gagnvart uppgjörsmýnt allt að þrjú ár fram í tímann með framvirkum samningum og vilnunum.

### Næmnigreining

Styrking USD um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum 30. júní 2009 hefði bætt afkomu félagsins um eftirfarandi fjárhæðir fyrir skatta. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2008.

	Hagnaður	
	30.06.2009	31.12.2008
EUR.....	113.038	95.600
JPY.....	13.399	18.000
ISK.....	5.345	23.168

Veiking USD um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Gangvirði gjaldeyrisskiptasamninga var neikvætt um 63 milljónir USD í lok júní 2009. Undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur 397 milljónum USD. Gangvirði framvirkra samninga með gjaldeyri var neikvætt um 500 þúsund USD en undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur um 70 milljónum USD. Gangvirði valréttarsamninga með gjaldeyri var neikvætt um 21 milljónir USD og undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur sem svarar til um 498 milljónum USD.

### 21. Vaxtaáhætta

Landsvirkjun býr við vaxtaáhattu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Skuldir félagsins bera bæði fasta vexti og breytilega og eru vaxtaafleiður nýttar til stýringar á áhættu. Vaxtaberandi fjárskuldir eru mun hærri en vaxtaberandi fjáreignir og er áhætta félagsins því falin í mögulegri hækkun vaxta með tilheyrandi auknum fjármagnskostnaði.

Í lok júní 2009 var hlutfall lána með breytilegum vöxtum um 83% samanborið við 80% í árslok 2008. Breyting vaxta um eitt prósentustig hefði haft í för með sér breytingu vaxtagjalda um 12 milljónir USD á fyrri helmingi árs 2009 (26 milljónir USD fyrir árið 2008). Fjármálagerningar fyrirtækisins með fasta vexti eru ekki næmir fyrir breytingum á vöxtum.

Gangvirðisbreyting vaxtaskiptasamninga, sem ekki eru tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir, er færð í rekstrarreikning. Félagið hefur gert samninga um vaxtaskipti sem miða að því að draga úr vaxtakostnaði fyrirtækisins og draga úr áhættu. Í lok júní 2009 var gangvirði vaxtaskiptasamninga neikvætt um 11 milljónir USD. Undirliggjandi fjárhæð nam um 139 milljónum USD. Hækkun vaxta um eitt prósentustig hefði í för með sér jákvæða breytingu á gangvirði samninga um 4,2 milljónir USD. Lækkun vaxta um eitt prósentustig hefði í för með sér neikvæða breytingu á gangvirði samninga um 5,6 milljónir USD.

## Skýringar, frh.:

### 22. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta felur í sér hættu á tapi ef félagið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga. Félagið lágmarkar lausafjánhættu með virkri stýringu lausafjár sem felur í sér að nægt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa undir skuldbindingum félagsins. Til að tryggja sem best jafnvægi á milli skuldbindinga og vænts greiðslustreymis er lögð áhersla á rúma lausafjárstöðu félagsins í formi handbærs fjár, auðseljanlegra markaðsverðbréfa og aðgengi að sammingsbundnu veltiláni. Í lok júní 2009 nam handbært fé samstæðunnar 117 milljónum USD, markaðsbréf voru 12 milljónir USD og óáðregið veltilán 308 milljónir USD, eða alls 437 milljónir USD. Að teknu tilliti til sjóðstreymis frá rekstri telur fyrirtækið aðgengi að lausafé tryggt út árið 2011.

Til að tryggja enn frekar lausafjárstöðu Landsvirkjunar hafa fyrirtækið og ríkissjóður gert með sér viðbúnaðarsamning. Samningurinn er þannig að Seðlabankinn mun afhenda fyrirtækinu erlendan gjaldeyri og Landsvirkjun afhenda bankanum krónur eða skuldabréf í staðinn en þó því aðeins að fyrirtækið hafi áður fullreynt allar aðrar fjármögnunarleiðir. Fjárhæð sammingsins er að hámarki 300 milljónir USD og rennur hann út 1. júlí 2011.

Til að tryggja aðgengi að fjármagni og viðhalda sveigjanleika í fjármögnun hefur Landsvirkjun nýtt sér mismunandi tegundir lána. Undanfarin ár hefur fjármögnun þó að mestu farið fram í gegnum EMTN (e. Euro Medium Term Note) rammisamning fyrirtækisins. Heildarfjárhæð sem fyrirtækið getur tekið að láni í gegnum EMTN-samninginn er 2,5 milljarðar Bandaríkjadala.

Dregið er úr endurfjármögnunaráhættu félagsins með jafnri dreifingu afborganna og vaxta og með löngum líftíma útistandandi lána.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjármálagerninga, þar með taldir vextir, greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan ársins	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Langtímalán.....	( 2.926.486)	( 3.431.772)	( 146.521)	( 272.430)	( 771.376)	( 2.241.444)
Skammtímakröfur.....	81.482	81.482	81.482			
Aðrar skammtímaskuldir....	( 59.842)	( 59.842)	( 59.842)			
	<u>( 2.904.846)</u>	<u>( 3.410.132)</u>	<u>( 124.881)</u>	<u>( 272.430)</u>	<u>( 771.376)</u>	<u>( 2.241.444)</u>
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðlasamningar.....	( 84.113)	( 82.437)	667	( 1.637)	( 81.467)	0
Vaxtaskiptasamningar.....	( 10.640)	( 16.047)	( 1.353)	( 1.723)	( 5.157)	( 7.814)
Framvirkir samningar.....	( 525)	( 537)			( 537)	
Álafleiður.....	64.907	73.080	9.270	18.246	39.636	5.928
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum.....	217.395	724.845	( 5.234)	( 2.412)	36.765	695.726
	<u>187.024</u>	<u>698.904</u>	<u>3.350</u>	<u>12.474</u>	<u>( 10.760)</u>	<u>693.840</u>
31.12.2008						
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Langtímalán.....	( 2.975.269)	( 3.766.341)	( 267.387)	( 275.446)	( 831.726)	( 2.391.782)
Skammtímakröfur.....	98.374	98.374	98.374			
Aðrar skammtímaskuldir....	( 95.537)	( 95.537)	( 95.537)			
	<u>( 2.972.432)</u>	<u>( 3.763.504)</u>	<u>( 264.550)</u>	<u>( 275.446)</u>	<u>( 831.726)</u>	<u>( 2.391.782)</u>
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðlasamningar.....	( 97.105)	( 64.537)	1.049	( 10.635)	( 67.596)	12.645
Vaxtaskiptasamningar.....	( 10.754)	( 12.598)	( 1.309)	( 1.246)	( 3.738)	( 6.305)
Framvirkir samningar.....	( 432)	( 447)	( 447)			
Álafleiður.....	98.032	125.638	18.669	23.712	60.478	22.779
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum.....	169.702	438.669	( 14.061)	( 2.233)	75.642	379.321
	<u>159.443</u>	<u>486.725</u>	<u>3.901</u>	<u>9.598</u>	<u>64.786</u>	<u>408.440</u>

## Skýringar, frh.:

### 23. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta felur í sér hættu á að gagnaðili samnings uppfylli ekki ákvæði hans. Mótaðilaáhætta Landsvirkjunar verður fyrst og fremst til vegna raforkusamninga til stóriðju og afleiðusamninga fyrirtækisins sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni. Þó svo um verulegar fjárhæðir geti verið að ræða er áhættan takmörkuð með kröfum fyrirtækisins um gæði mótaðila. Landsvirkjun hefur sett sér sem viðmið varðandi afleiðuviðskipti að ekki eru gerðir samningar við fjármálastofnanir sem hafa lægri lánshæfiseinkunn en A- frá Standard og Poor's eða sambærilega lánshæfiseinkunn frá öðrum viðurkenndum matsfyrirtækjum, nema því aðeins að gerðir séu sérstakir tryggingasamningar milli aðila sem takmarka áhættu Landsvirkjunar. Áður en gerðir eru samningar um sölu á raforku er farið ítarlega yfir fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækja og móðurfélaga þeirra ef við á.

Mótaðilaáhætta fyrirtækisins greinist með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

	30.06.2009	31.12.2008
Afleiðusamningar .....	308.898	305.011
Aðrar langtímakröfur .....	152	246
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	81.483	98.374
Handbært fé og markaðsverðbréf .....	128.844	124.993
	<u>519.377</u>	<u>528.624</u>

## Önnur mál

24. Þann 22. ágúst 2007 kvað sérstök matsnefnd upp úrskurð um fjárhæð bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar og skiptingu þeirra milli eigenda. Matsfjárhæðin í heild nam um 12,9 milljónum USD. Flestir eigendur vatnsréttinda á Jökuldal og þrír í Fljótsdal tilkynntu að þeir myndu ekki sætta sig við niðurstöðu matsnefndarinnar og höfðu dómsmál fyrir 22. febrúar 2008. Voru 40 mál þingfest í Héraðsdómi Austurlands 15. janúar 2008. Um er að ræða eigendur um þriðjung vatnsréttindanna.

Uppgjör bóta fyrir landsréttindi vegna Háslóns í landi Brúar á Jökuldal er í biðstöðu í kjölfar úrskurðar óbyggðanefndar sem taldi landið vera þjóðlendu. Á þann úrskurð munu landeigendur láta reyna fyrir dómstólum.

Fyrirtækið gerði á árinu 2007 tvo gjaldmiðlaskiptasamninga við innlendar fjármálastofnanir sem fela í sér skuldbreytingu úr íslenskum krónum yfir í Bandaríkjadali. Vegna veikingar krónunnar gagnvart USD á árinu 2008 myndaðist óinnleyst gengistap sem skráð hefur verið sem neikvætt gangvirði að fjárhæð 48 milljónir USD (31.12.2008: 45 milljónir USD ) í uppgjöri samstæðunnar. Talið er líklegt að loka þurfi þessum samningum fyrir gjalddaga 2012 að kröfu umræddra fjármálastofnana og fellst fyrirtækið ekki á fyrrgreint mat við slíkar aðstæður.

Fyrirtækið hefur fært til eignar í sínum bókum vatnsréttindi samtals að fjárhæð 40,6 milljónir USD. Þar af vega þyngst vatnsréttindi tengd Kárahnjúkavirkjun. Með lögum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði sem koma til framkvæmda 1. júlí 2009 er ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum í þeirra eigu settar takmarkanir á framsali á eignarrétti á vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW. Er ríki og sveitarfélögum þó heimilt að veita fyrirtækjum í þeirra eigu afnotarétt að auðlindunum til allt að 65 ára í senn. Við gildistöku laga þessara skal forsætisráðherra skipa nefnd til að fjalla um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins. Nefndin skal í störfum sínum fjalla um leigugjald, leigutíma, endurnýjun leigusamninga og önnur atriði er lúta að réttindum og skyldum aðila. Nefndin skal skila tillögum sínum haustið 2009.

Eignarhlutur Landsvirkjunar í Þeistareykjum ehf. er 31,97% og hafa eigendur tekið á sig ábyrgð vegna lána félagsins. Eigendur bera ábyrgð í samræmi við eignarhlut sinn og er heildarupphæð ábyrgða Landsvirkjunar vegna þessara lána um 1,6 milljónir USD.

## Skýringar, frh.:

---

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sendi 8. júlí frá sér ákvörðun í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar. Að mati ESA er hin ótakmarkaða ábyrgð sem Landsvirkjun nýtur hjá eigendum sínum ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES sammingsins um ríkisaðstoð. Hins vegar lítur ESA svo á að heimilt sé að veita ábyrgð vegna lána að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Ákvörðun ESA er í formi tilmæla („appropriate measures“) til íslenskra stjórnvalda og hefur ríkisstjórnin kynnt að brugðist verði við ákvörðun ESA með því að leggja fram frumvörp til laga sem koma til móts við athugasemdir ESA við núverandi fyrirkomulag. Um er að ræða frumvörp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun.